

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar tóku gildi við samþykkt þeirra í borgarráði 29. október 2009. Í 5. gr. regnanna kemur fram að yfirfara skuli reglurnar og endurskoða þær eftir þörfum a.m.k. árlega. Forsætisnefnd hefur yfirfarið reglurnar árlega og en ekki hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun fyrr en nú.

Tímabært var talið að fram færi endurskoðun á reglunum, samhliða endurskoðun á síðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðuðum reglum hefur ákvæðum um það til hverra reglurnar taka m.t.t. fjölgunar borgarfulltrúa og breytinga á kjörgengisskilyrðum í ráð og nefndir. Jafnframt hefur kafla um það hvaða fjárhagslega hagsmuni skal skrá og hvort heimilt er að skrá ítarlegri upplýsingar en þar kemur fram verið yfirfarinn Að öðru leyti hafa verið höfð til hliðsjónar nýlegar breytingar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna alþingismanna auk ábendinga fjármálaskrifstofu og innri endurskoðanda en umsagnir fylgja með erindinu til forsætisnefndar.

Samþykkt um framkvæmdastjórn Reykjavíkur er jafnframt í smíðum en þar verður að finna ákvæði um skráningu fjárhagslegra hagsmuna embættismanna í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 29. nóvember sl. Í samþykktinni er skilgreint hvaða embættismenn sitja í framkvæmdastjórn og gert ráð fyrir því að þeir skrái sömu fjárhagslegu hagsmuni og borgarfulltrúar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sú skráning verði birt á sama hátt og hagsmunaskráning borgarfulltrúa og er það í samræmi við bókun borgarráðs þar sem tekið er fram að unnt er að líta til fyrirkomulags og útfærslu ríkisstjórnar Íslands á ákvörðun um hagsmunaskráningu fyrir aðstoðarmenn ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Mælt er með því að forsætisnefnd vísi reglunum til staðfestingar borgarstjórnar að lokinni yfirferð sinni.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Endurskoðaðar reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan

borgarstjórnar.